

Alþingi  
Erindi nr. P 136/98/  
komudagur 2. 3. 2009



**LSR**  
LÍFEYRISSJÓÐUR  
STARFSMANNA RÍKISINS

Nefndasvið Alþingis  
Félags- og tryggingamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Reykjavík, 27. febrúar 2009

**Umsögn frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR) um mál nr. 259 á 136.  
löggjafarþingi, frumvarp til laga um greiðslu til líffæragjafa.**

Háttvirt félags- og tryggingamálanefnd hefur með bréfi, dags. 11. febrúar sl., beðið LSR um umsögn um framangreint mál.

LSR gerir ekki athugasemdir við frumvarpið en telur þó rétt að taka fram að iðgjaldaskil sem ætlunin er að greidd verði í lífeyrissjóð af greiðslum til líffæragjafa, sbr. 12. gr. frumvarpsins, kæmu ekki til með að greiðast til LSR. Í greininni er gert ráð fyrir 4% framlagi frá líffæragjafa og 8% mótframlagi ríkissjóðs og er það til samræmis við lágmarksiðgjald sem skilgreint er í 2. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Iðgjaldaskil samkvæmt 12. gr. frumvarpsins fara hins vegar ekki saman við reglur er gilda um iðgjaldaskil til LSR, hvort heldur sem litið er til A-deildar eða B-deildar sjóðsins. Í A-deild er mótframlag launagreiðanda breytilegt og ákvarðað árlega, sbr. 4. mgr. 13. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997. Mótframlagið er nú 11,5% og hefur haldist óbreytt frá stofnun deildarinnar á árinu 1997. Í B-deild er framlag sjóðfélaga 4% og mótframlag launagreiðandans 8%, sbr. nánar 23. gr. laga nr. 1/1997. B-deildin er hins vegar uppbyggð með þeim hætti að launagreiðandinn ber ábyrgð á hækkunum á áður úrskurðuðum lífeyri, sbr. 33. gr. laganna og ríkissjóður í ábyrgð fyrir lífeyrisgreiðslum skv. ákvæði í 32. gr. sl.

Eins og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins er uppbyggður verður ekki séð að greiðsla skv. 12. gr. frumvarpsins verði greidd í A-deild né B-deild LSR. Tekið skal fram að það er til samræmis við þá framkvæmd sem viðhöfð er varðandi greiðslur af atvinnuleysisbótum skv. ákvæði í 1. mgr. 37. gr. laga um atvinnuleysisstryggingar nr. 54/2006. Þeim greiðslum er ekki skilað til LSR.

Yirðingarfyllst  
f.h. Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins  
  
Þórey S. Þórðardóttir, forstöðumaður réttindamála